

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir WOW Sport.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir WOW Sport og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er í Reykjavík.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Markmið stofnunarinnar er að efna til árlegrar alþjóðlegrar hjólreiðakeppni hringinn í kringum Ísland ásamt því að styrkja og/eða halda aðra íþrótt- og hreyfingartengda atburði og/eða starfsemi.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar í undirbúning og kynningu á annarri WOW „cyclothon“ keppninni sem haldin verður 19.-22. júní 2013 og einnig í önnur verkefni sem stofnunin tekur þátt í að styrkja/halda hverju sinni.

### 4. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru Skúli Mogensen, kt. 180968-4669, og Magnús Ragnarsson, kt. 160563-5329. WOW air ehf., kt. 451011-0220, leggur fram 100% af stofnfé eða 1.045.000 kr.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.045.000 kr., sem lagt er fram af WOW air, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 1 árs í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn kjósa nýja stjórn við lok kjörtímabils.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

### 7. gr.

#### *Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að framan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 11. mars 2013,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Auður Steingrímsdóttir.*